

Fundargerð 3. fundar stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2023-2024.

Þriðjudaginn 6. júní maí kl. 17:30 var haldinn þriðji fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var haldinn í húsnæði félagsins að Melabraut 17, 220 Hafnarfirði.

Mættar voru: Anna Guðjónsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir, Erla Heiðrún Benediktsdóttir, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Silja Ösp Jóhannsdóttir, verkefnastjóri og Hansína Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri sátu einnig fundinn.

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir boðaði forföll.

Anna Guðjónsdóttir ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Erindi afgreidd á milli funda

Gengið var frá ráðningu framkvæmdastjóra í samstarfi við HH ráðgjöf.

2. Nýr framkvæmdastjóri kynntur

3. Stjórn Schnauzerdeildar mætir á fundinn kl. 18:00

Stjórn Schnauzerdeildar óskaði eftir fundi með stjórn. Stjórn deildarinnar vildi ræða um breytingu á ræktunarreglum fyrir miniature schnauzer, stjórn deildarinnar mun senda stjórn félagsins frekari gögn.

4. Erindi frá Vinnuhundadeild varðandi upptökur, fylgiskjal 8-23

Erindi rætt og ákveðið að leita til laganefndar til að fá álit.

5. Erindi frá aðila vegna deilu máls um eignarhald hunds, fylgiskjal 9 og 9a-23

Erindi rætt og stjórn er sammála um að félagið geti lítið gert í þessu tilfalli. Stjórn sammála um að benda viðkomandi á að leita sér lögfræði aðstoðar sem og rætt að viðkomandi geti mögulega einnig rætt við neytendasamtökin.

6. Erindi frá nokkrum deildum varðandi fulltrúaráðsfund, fylgiskjal 10-23

Erindi rætt, stjórn er sammála um að þörf sé á að halda fulltrúaráðsfund en umræðuefni þarf að liggja fyrir. Hugmynd kom um að senda erindi á formenn deilda og óska eftir innleggi að dagskrá fyrir fulltrúaráðsfund. Stjórn stefnir á að halda fulltrúaráðsfund í haust. Skrifstofa sendir á deildir og óskar eftir hugmyndum að umræðuefnum.

7. Önnur mál

Erna fer yfir stöðu tölvumála – Evrópusýning í DK seinkaði aðeins þróun tölvukerfisins, framundan er að prófa að keyra veiðipróf í kerfinu, til stendur að ættbókaskráningar verði aðgengilegar fyrir ræktendur með haustinu. Rætt um hvaða gögn eru kominn inn á hundavefinn, mikil aukning af hvaða göng eru orðin aðgengileg inn á hundavefnum og stefnt er á að halda þessari vinnu áfram.

Styrktarsamningar – stjórn upplýst um fyrirætlanir um að óska eftir tilboðum í styrktar samninga.

Fundargerðir – verklag með birtingu fundargerða rætt.

Fundartími stjórnar ræddur – ákveðið að stjórn fundi einu sinni í mánuði, stefnt er að því að funda fyrsta þriðjudag í mánuði, og aukalega ef þess þarf á milli.

Fundi slitið 19:30